

En eins og fyrr segir er það upplýst, að kærður var innan landhelgislinu með ólöglega útbúin veiðarfæri, að hann var staddur þar í björtu og góðu veðri, á góðu fiskimiði með veiðarfærin laus á þilfarinu, þannig að tafarlaust mátti byrja veiðar með þeim, þykir það allsennilegt, að kærður hafi verið undir það búinn að hefja veiðar, er hann sá til varðskipsins, og styrkist það eigi allítið við það, að hann þá tekur að sigla með mikilli ferð frá landi og heldur því áfram, unz varðskipið hefir skotið á hann 4 lausum skotum og einu skotskeyti.

Krafa talsmannsins verður því eigi til greina tekin.

Samkvæmt framangreindu hefir því kærður að réttarins áliti orðið brotlegur við aðra grein laga nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing hans, er eigi hefir áður orðið brotlegur við lög þessi, eftir atvikum hæfilega metin 3500,00 gullkrónur sekt, sbr. 2. mgr. 3. gr. téðra laga, í Landhelgissjóð Íslands, er jafngildir 4279,25 ísl. krónum.

Svo greiði og kærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Mánudaginn 6. júní 1932.

Nr. 50/1931. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Ernest Lewis (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. apríl 1931: Kærður, Ernest Lewis, sæti 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpungnum, Lady Marcot frá Hull, sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á mælingar og miðanir varðskipsins „Ægir“ kl. 16,18, 16,21 og 16,22 þ. 4. apríl f. á. og kemur hann heim við sjóuppdrátt þann, er skipherra varðskipsins hefir lagt fram við rannsókn málsins í héraði. Er það með þessum mælingum yfirforingja varðskipsins sannað, að kærði hefir verið 0,25 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna þegar varðskipið kom að honum með botnvörpu úti og hafði hann þó áður siglt í þrjár mínútur út frá landinu. Er kærði því sannur að sök um það að hafa í umrætt skipti gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er nú aðeins 61,91 aurar, þá ákveðst sektin 16200 kr., en að öðru leyti má staðfesta hinn áfrýjaða dóm lögregluréttarins.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Á rekstri máls þessa hefir orðið mikill dráttur eftir að því var áfrýjað, en það á aðallega rót sína að rekja til þess, að verjandi hefir leitað eftir upplýsingum málinu viðvikjandi í útlöndum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað að öðru leyti en því, að sekt kærða ákveðst 16200 krónur, og telst greiðslufrestur hennar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ernest Lewis, greiði allan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn, Ernest Lewis, skipstjóra á togaranum H. 188, Lady Marcot, frá Hull, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. l. nr. 4 1924.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina:

Hinn 4. apríl s. l., síðdegis, var varðskipið Ægir stutt út af Stafnesi og stefndi í áttina til togara, sem virtist vera í eða nálægt landhelgislinunni.

Klukkan 16,16 var gerð þessi staðarákvörðun:

Keilir	
	> 57° 17'
Reykjanesviti	
	> 43° 50'

Eldey

og gefur hún stað varðskipsins 0,4 sjómilur utan landhelgi. Togarinn var þá að bera í land rétt sunnan við Stafnesvitann og hafði stefnu um það bil á Reykjanes.

Klukkan 16,18 beygir togarinn frá landi og tekur stefnu hér um bil á varðskipið, og var honum þá gefið stöðvunarmerki frá varðskipinu.

Klukkan 16,21 voru skipin stödd hvort á móts við annað í jafnri fjarlægð frá landi og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun

Keilir	
	> 61° 18'
Reykjanesviti	
	> 43° 0'

Eldey

og gefur hún stað togarans, sem reyndist vera H. 188,

Lady Marcot, 0,25 sjómíllur innan við landhelgislínuna. Togarinn var þá með stjórnbörðsnet í sjó, en tók nú að draga inn netið.

Litlu síðar er hlerar togarans námu við gálga, gerði varðskipið aðra staðarákvörðun hjá togaranum sem hér segir:

Keilir	> 60° 43'
Reykjanesviti	> 42° 55'
Eldey	

sem gefur stað togarans 0,2 sjómíllur innan landhelgislínunnar. Allar þessar staðarákvarðanir gerðu þeir saman og samtímis skipherrann og 1. stýrimaður á varðskipinu með fullkomnum tækjum. Skygni var gott, og er því engin ástæða til að efa, að þær séu svo nákvæmar sem frekast er unnt.

Framburði þeirra í máli þessu hefir kærður tekið gilda án eiðfestingar.

Kærður hefir viðurkennt, að hann hafi verið að fiska, þegar hann var tekinn, en hefir hinsvegar haldið því fram, að hann muni ekki hafa verið í landhelgi, þegar hann var tekinn. Byggir hann þá staðhæfingu sína á því, að hann hafi togað með hliðsjón af bauju, sem var frá öðru skipi á þessum slóðum, og reyndist samkvæmt mælingum varðskipsins $\frac{1}{3}$ úr sjómílu utan landhelgislínunnar, svo og á miðunum, sem hann hafi gert, er varðskipið gaf honum merki um að nema staðar. Um það fyrra er það að athuga, að kærður var alls ekki staddur hjá baujunni þegar hann var tekinn, heldur í fjarlægð, sem hann eftir hans eigin upplýsingum mundi hafa verið 15—20 mínútur að sigla með vörpuna í eftirdragi. Staðarákvörðun togarans og baujunnar fellur því enganveginn saman. Hinsvegar er upplýst, að kærður togaði allt af landmegin við baujuna, en engan veginn upplýst eða sannað hve langt frá baujunni hann hafi togað eða í hvaða átt.

Um staðarákvörðun þá, sem kærður kveðst hafa gert, er varðskipið gaf honum stöðvunarkerki, er það fyrst og fremst að segja, að hún er algerlega ósönnuð með því að kærður er einn um hana, og ennfremur virðist hún nokkuð óákveðin.

Það virðist því ljóst að mótbárur kærða verði því ekki teknar til greina gegn staðarákvörðunum varðskipsins, sem ekkert virðist við að athuga og verður því að telja sannað, að kærði hafi umrætt skipti verið að veiðum í landhelgi á skipi sínu H. 188, Lady-Marcot, og þannig gerzt brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5 1920, sbr. 3. gr. 1. mgr. og l. nr. 4 1924.

Kærður hefir aldrei verið sekur um brot á framan-greindum lögum, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að íslenska krónan jafngildir í dag, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, 0,81,79 gullaurar, hæfilega ákveðin 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum H. 188, Lady Marcot, frá Hull, upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 8. júní 1932.

Nr. 41/1932. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Valdimar Guðjónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. jan. 1932: Ákærður, þurrabúðarmaður Valdimar Guðjónsson, til heimilis á Duusgötu nr. 7 í Keflavík, greiði í ríkissjóð kr. 500,00 innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella afplánist sektin, að undangengnu árangurslausu fjárnámi með einföldu fangelsi í 31 dag. Hann greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns ákærðs, lögfræðings Ásgeirs Guðmundssonar, er telst hæfileg vera kr. 40,00.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.